

September 2001

HEIÐARSKÓLI

fréttabréf

Nú teiknum við merki skólans

-glæsileg verðlaun í boði

Nemendur í Heiðarskóla! Nú langar okkur að leita til ykkar, varðandi tillögur að merki Heiðarskóla. Okkur vantar merki, sem við getum notað á bréfsefni, fréttabréf o.m.fl.

Merkið skal teikna á A4 blað og vera merkt nafni höfundar á bakhlið. Þeir nemendur sem hafa áhuga á skili tillögum að merki Heiðarskóla í lokuðu umslagi til Þorbjargar ritara, eigi síðar en föstudaginn 12. október. Glæsileg verðlaun eru í boði fyrir það merki sem valið verður.

Fjölgun nemenda í Heiðarskóla

Tvær nýjar kennslustofur í tveimur nýjum húsum leysa húsnæðisvandann í bili

Nýtt skólaár er hafið og vonandi hafa allir haft það ánægjulegt í sumar.

Óhætt er að segja að skólinn okkar hafi verið í umræðunni manna á meðal í sumar, fyrst og fremst vegna þess, að ekki voru allir á eitt sáttir, hvernig skipta ætti bænum okkar í skólahverfi. En eftir að niðurstaða fékkst í þessu máli, var ákveðið að setja við skólann tvær lausar kennslustofur til að leysa húsnæðisvanda okkar í ár og næstu ár, þar sem nemendum hefur fjölgað meir en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir.

Nú eru þessar stofur loksins komnar og bíðum við spennit eftir því að taka þær í notkun. Þær eru rúmlega 70 fm hvor með fullkominni kennsluáðstöðu og hefur



Nemendur í sjöttu bekk stílltu sér upp fyrir framan nýju kennslustofurnar sínar sem þau hafa beðið spennit eftir.

þeim verið komið fyrir norðan megin við skólann.

Sjöttu bekkingar, sem hafa verið án heimastofa þessar fyrstu vikur skólaársins, eiga hrós skilið fyrir hvað þeir, ásamt kennurum sínum, hafa látið hlutina ganga vel upp.

Á þessu skólaári stunda 470 nemendur nám við Heiðarskóla í 22 bekkjardeildum. En fjöldi starfsmanna við skólann er 54 auk skólahjúkrunarfræðings og sálfræðings, en því miður hefur enn ekki tekist að fá námsráðgjafa til starfa.

Starfsfólk Heiðarskóla býður nemendur og foreldra velkomna til samstarfs á nýju skólaári, sem án efa á eftir að verða okkur öllum til farsældar.

Gunnar Þór Jónsson, skólastj.

HEIÐARSKÓLI



Nýir stjórnendur í Heiðarskóla 2001 til 2002

Stjórnendaskipti urðu í Heiðarskóla nú í sumar þegar Árný Inga Pálsdóttir lét af störfum sem skólastjóri. Í hennar stað var Gunnar Þór Jónsson fráfarandi aðstoðarskólastjóri ráðinn.

Þá var Björn Víkingur Skúlason ráðinn aðstoðarskólastjóri. Með hliðsjón af nýjum kjarasamningi KHÍ og Sambands sveitarfélaga voru ráðnir þrjú deildarstjórar við skólann. Þeir

eru millistjórnendur og eru Sigurbjörg Guðmundsdóttir fyrir 1. til 3. bekk, Sigrún Eyjólfsdóttir fyrir 4. til 6. bekk og Steinþóra Eir Hjaltadóttir fyrir 7. til 10. bekk.



Mikil stemning var á hliðarlínunni á íþróttadegi Heiðarskóla í fyrra. Þar hvöttu nemendur sín lið óspart.

Áfram Heiðarskóli – Íþróttadagurinn 2. október n.k.

Haldinn verður íþróttadagur í Heiðarskóla þriðjudaginn 2. okt. Þessum degi er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu og ekki síður að vekja athygli á nauðsyn hreyfingar.

Allir nemendur skólans koma til með að taka þátt í ýmsum hreyfileikjum og keppnum. Þá taka allir þátt í hinu árlega Norræna skólahlaupi sem fram fer þennan dag.

Hreyfing og líkamsrækt stuðlar ekki einungis að heilbrigði og hollustu heldur einnig samheldni og samvinnu. Mætum öll í íþróttaklæðnaði og íþróttaskóm.



Próunarverkefni: Heildstæð

móðurmálskenndsla í Heiðarskóla

Síðastliðinn vetur voru endurskoðaðar allar kennsluáætlanir í íslensku þannig að móðurmálskenndsla í skólanum yrði heildstæð.

Fékkst styrkur úr Próunarsjóði grunnskóla fyrir þetta verkefni. Tilgangur verkefnisins var fyrst og fremst að mynda samfellu og stíganda milli allra skólastiga þannig að námsgreinin

íslenska yrði heildstæð. Að verkefninu stóðu allir íslenskukennarar í Heiðarskóla undir dyggri stjórn Steinunnar Njálisdóttur, fagstjóra.

Þetta próunarverkefni verður kynnt á málþingi Rannsóknarstofnunar KHÍ dagana 12. og 13. október n.k. Ráðgert er að setja verkefnið á www.skolavefinn.is.

Heilsugæslan í Heiðarskóla

Skólahljúkrunarfræðingurinn, Sif Gunnarsdóttir er til viðtals mánudaga og fimmtudaga frá 9:00 til 15:00.

Færni- og áhugamiðað námstilboð fyrir nemendur í 10. bekk

Í Heiðarskóla stendur nemendum í 10. bekk til boða „Færni- og áhugamiðað námstilboð.“ Það felur m.a. í sér meiri einstaklingsaðstoð, sérhæfðara námsefni og fleiri verklegar kennslustundir, eins og ritvinnslu og smíði. Einnig er ráðgert að nemendur verði hluta úr degi í starfskynningu úti á vinnumarkaðnum. Sex 10. bekkingar hafa nú þegar þegið þetta námstilboð sem unnið er í samráði við Skólaskrifstofuna og með hliðsjón af Aðalnámsskrá grunnskóla 1999.

SKÓLAREGLUR

- Mætum stundvíslega í skólann
- Komum fram af kurteisi og förum að fyrimælum starfsfólks
- Göngum vel um bæði úti og inni
- Förum vel með eigur skólans, eigin eigur og annarra

Láttu þér líða vel

Enginn vafi leikur á að hreyfing, næring og hvíld hafa áhrif á námsárangur. Það er því mikilvægt að nemendur komi vel hvíldir í skólann (lágmark 8 tíma svefn) og hafi borðað hollan og næringarríkan morgunverð. Þá er nauðsynlegt að þeir hafi með sér hollt nesti og gangi í skólann á hverjum morgni.

Að auki fæst meiri vellíðan með því að;


- eiga góð samskipti við fjölskyldu, vini og skólafélaga
- láta eigin hæfileika njóta sín í námi og leik
- vera hjartsýn.

Allt þetta stuðlar að góðri sjálfsmynd.

Munum! Við berum ábyrgð á eigin lífsstíl.

Veikindi og leyfi

Foreldrar! Vinsamlegast tilkynnið veikindi eins fljótt og auðið er. Nauðsynlegt er að tilkynna veikindi hvern dag sem barnið er heima. Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skólanum lengur en tvo daga verður að sækja um það skriflega. Umsóknareyðublöð liggja frammi hjá skólariðara.



Nýtt nemendaráð Heiðarskóla 2001-2002 ásamt Eysteini Eyjólfsssyni.

Félagslíf nemenda hefst með diskótekum á föstudaginn

Félagslíf í Heiðarskóla verður með svipuðu sniði í vetur og áður. Haldin verða diskótek og opin hús fyrir nemendur. Þá verða klúbbar starfandi og farið í leikhús og á skiði ef veður leyfir.

Þá verður valið í íþróttaráð á næstu vikum og plötusnúðanámskeið haldið.

Föstudaginn 21. september hefst svo vetrarstarfið með diskóteki í Fjörheimum frá kl. 17:00 til 19:00 fyrir alla 6. bekkinga í Reykjanesbæ. Síðar um kvöldið verður svo diskótek á sama stað fyrir alla 7. bekkinga frá kl. 19:30 til 21:30. Aðgangseyrir á diskótekin er kr. 100.

Efirtaldir skipa nemendaráð í Heiðarskóla:

Arndís Inga Einarsdóttir, 7. SH,
Svavar James 7. SH,
Vilhjálmur Cross Birnison 7. RR,
Sigrún Ýr Hjörleifsdóttir 7. RR,
Margrét Ina Bjarnadóttir 8. MK,
Þorsteinn Viðar Heimisson 8. SV,
Arnar Páll Guðmundsson 9. SP,
Sævar Magnús Einarsson 10. GH,
Bjartmar Steinn Guðjónsson 10. GH,
Guðrún Sigríður Egilsdóttir 10. SN.

Eysteinn Eyjólfsson leiðbeinandi mun hafa umsjón með félagsstarfinu í vetur.

Skólasálfræðingur við Heiðarskóla

Við Heiðarskóla er starfandi skólasálfræðingur, Hafdís Kjartansdóttir á vegum Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar.

Hún verður á miðvikudagsmorgnum í skólanum.

Þriggja mínútna þögn vegna hörmunganna í New York


Nemendur og starfsfólk Heiðarskóla stöðvuðu vinnu kl. 10:00 í 3 mínútur, föstudaginn 14. september s.l. Það var gert til að minnast þeirra er fórust, svo og að votta þeim samúð er misst höfðu ástvini og ættingja í einhverju hrylli-legasta hryðjuverki seinni tíma þegar flugvéllum var rænt og flogið á World Trade Center í New York og Pentagon í Washington.



Vinsamleg tilmæli til foreldra:

Notum hringtorgið

Enn á ný viljum við brýna fyrir foreldrum sem aka börnum sínum í skólann að nota hringtorgið í stað þess að aka þeim upp að dyrum við Heiðarból svo og að austurinnangi hjá íþróttahúsinu, vegna þeirrar hættu á óhöppum sem alltaf geta orðið þar sem þengsl eru mikil og nú sérstaklega þegar bírtuskilyrðin í skammdeginu verða lakari.



Nemendur í 8. SV í upplýsingamennt. Ahuginn leynir sér ekki.

Fingrasetning í upplýsingamennt

Upplýsingamennt verður sífellt mikilvægari þáttur kennslunnar. Má í því sambandi nefna að nemendur í framhaldsskólum eru farnir að nota fartölvur daglega bæði við heimanám og í kennslustundum. Allt bendir til þess að þessi þróun muni halda áfram og færast á grunnskólastig að einhverju leyti. Það er því nauðsynlegt að búa yngstu kynslóðina undir þessa þróun og byrja

snumma að kenna þeim undirstöðuatriðin í tölvulæsi svo og fingrasetningu sem er mjög mikilvæg. Þeir sem vilja æfa sig heima í fingrasetningu geta sótt forrit sem heitir TypingMaster. Slóðin er typingmaster.com. Til gamans má geta þess að allir þeir sem ráðnir eru til Nokia og IBM þurfa að gangast undir þjálfun og próf í þessu forriti þar sem fingrasetning er talin mjög mikilvæg.

4. og 7. bekkur í samræmd próf 18. og 19. október

Dagana 18. og 19. október verða samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk.

Markmið með þessum prófum er að gefa uppýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni, sem frekara nám

byggir á og að vera foreldrum, kennurum og skólafyrirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Þessa daga fellur öll önnur kennsla niður í 4. og 7. bekk. Foreldrum nemenda í þessum bekkjum verða afhentar uppýsingar varðandi prófin á næstu dögum.


Stærðfræðidagurinn 27. sept.

Stærðfræðidagurinn verður fimmtudaginn 27. september. Þá vikuna fá nemendur með sér heim stærðfræðiverkefni sem þeir eiga að leysa með foreldrum sínum. Þeir skila síðan lausnum til kennarans. Áhersla verður lögð á stærðfræði í umhverfinu og daglega lífinu og á þátt foreldra sem er mjög mikilvægur í námi barnanna.

420 4500

Viðtalstímar kennara og leiðbeinenda

Nafn	Viðtalstími	Netfang
Auður H. Jónatansd.	Mán 12:40-13:20	audur.jonatansdottir@heidarskoli.is
Auður Hardardóttir	Mið 8:50-9:30	audur.hardardottir@heidarskoli.is
Björn V. Skúlason	Eftir samk.lagi	bjorn.vikingur@heidarskoli.is
Bryndis Gísladóttir	Mið 9:50-10:30	bryndis.gisladottir@heidarskoli.is
Elín Gunnarsdóttir	Mán 13:20-14:00	elin.gunnarsdottir@heidarskoli.is
Erla Þorsteinsdóttir	Mán 8:50-9:30	erla.thorsteinsdottir@heidarskoli.is
Eysteinn Eyjólfsson	Þri 9:50-10:30	exe@simnet.is
Guðm. E. Hermanns.	Þri 14:10-14:50	gudmundur.hermannsson@heidarskoli.is
Guðni Kjarbo	Mán 9:50-10:30	gudni.kjarbo@heidarskoli.is
Guðrúnur Walderhaug	Mið 9:50-10:30	gudridur.walderhaug@heidarskoli.is
Gunnar Valdimars.	Mán 14:50-15:30	gunnar.valdimarsson@heidarskoli.is
Gunnar Þór Jónsson	Eftir samk.lagi	gunnar.jonsson@heidarskoli.is
Halldóra F. Þorvaldsd.	Mið 9:50-10:30	halldora.thorvaldsdottir@heidarskoli.is
Hallfríður Benediktsd.	Mið 12:00-12:40	hallfridur.benediktsdottir@heidarskoli.is
Helena Ósk Jónsd.	Fös 9:50-10:30	helena.jonsdottir@heidarskoli.is
Helga Björg Helgadóttir	Mið 13:20-14:00	helga.helgadottir@heidarskoli.is
Hildur Guðjónsdóttir	Fim 9:50-10:30	hildur.gudjonsdottir@heidarskoli.is
Inger Hallsdóttir	Þri 13:20-14:00	inger.halldottir@heidarskoli.is
Ingibjörg Pálmadóttir	Þri 13:20-14:00	ingibjorg.palmdottir@heidarskoli.is
Kristinn Óskarsson	Fös 10:30-11:10	kristinn.oskarsson@heidarskoli.is
Magnea H. Björnsd.	Mið 8:50-9:30	magnea.bjornsdottir@heidarskoli.is
Margrét Jónsdóttir	Fim 13:20-14:00	margret.jonsdottir@heidarskoli.is
María Júlíana Arnard.	Mán 13:20-14:00	maria.arnardottir@heidarskoli.is
María Kristín Óskarsd.	Mið 10:30-11:10	mariaoskarsdottir@heidarskoli.is
María Óladóttir	Þri 9:50-10:30	maria.oladottir@heidarskoli.is
Oddný Dóra Halldórsd.	Mán 13:20-14:00	oddnny.halldorsdottir@heidarskoli.is
Ólöf Jónsdóttir	Fim 11:20-12:00	olof.jonsdottir@heidarskoli.is
Ragnheiður Ragnarsd.	Mið 13:20-14:00	ragnheidur.ragnarsdottir@heidarskoli.is
Sigrún Eyjólfadóttir	Mán 10:30-14:00	sigrun.eyjofsdottir@heidarskoli.is
Sigurbjörg Guðmundsd.	Mið 10:30-11:10	sigurbjorg.gudmundsdottir@heidarskoli.is
Sigurbjörg Jónsdóttir	Mán 8:50-9:30	sigurbjorg.jonsdottir@heidarskoli.is
Steinunn Njálisdóttir	Fös 8:50-9:30	steinunn.njalsdottir@heidarskoli.is
Steinþóra Eir Hjaltad.	Mið 11:20-12:00	steinþora.hjaltadottir@heidarskoli.is
Svava Pétursdóttir	Þri 12:40-13:20	svavap@ismennt.is
Sveindís Valdimarsd.	Fim 12:40-13:20	sveindis.valdimarsdottir@heidarskoli.is
Vigdís Karlsdóttir	Fös 12:40-13:20	vigd.is.karlsdottir@heidarskoli.is



Heimanám á bókasafninu

Nemendur Heiðarskóla geta nú komið og unnið heimavinnuna sína á bókasafni skólans og klárað heimavinnuna, þar sem opnað hefur

verið fyrir aðstöðu til að læra eftir skólann. Bókasafnið er opið til kl. 16:00 á daginn, mánudaga til fimmtudaga.

Starfsdagur Heiðarskóla

Starfsdagur starfsfólks Heiðarskóla verður föstudaginn 28. september. Þann dag mæta nemendur ekki í skólann.

Tónlist fyrir alla

Mánudaginn 1. okt. koma listamennirnir Margrét Bóasdóttir, sópran og Miklos Dalmay, píanóleikari í heim-sókn og flytja fyrir okkur

sönglög og píanóverk frá Íslandi, Ungverjalandi og Rússlandi. Dagskrá þessi nefnist Óskasteinar - tónlist frá sjónarhóli barna.

Tannverndarfræðsla

Þriðjudaginn 25. september fá nemendur í eftirtöldum bekkjardeildumfræðslu um

tannvernd og tannheilsu. Bekkir eru: 1., 3., 5., 7. og 10. bekkur.